Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

MARS 2018

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

3. tbl. 21. árg.

Frá kl. 11-16

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hér má sjá hvernig höfundar vinningstillögunnar hugsa sér útlit hinnar nýju byggðar. Til hægri á myndinni sést hvar gert er ráð fyrir landfyllingu og smábátahöfn en til vinstri má sjá tengingu við eldri byggð í Skerjafirði. Norður suður flugbraut Reykjavíkurflugvallar sést síðan lengra til hægri.

- bls. 4
Viðtal við
Pál Gunnlaugsson
arkitekt

- bls. 10-11
Viðtal við
borgarstjóra

Ný byggð áformuð við Skerjafjörð

Unnið er að skipulagi nýs hverfis austan núverandi byggðar í Skerjafirði. Um er að ræða íbúðabyggð með allt að 800 íbúðum í þriggja til fimm hæða húsum. Tillaga ASK arkitekta sem unnin var í samstarfi við Landslag og verkfræðiskrifstofuna Efla bar sigur úr býtum í samkeppni um hverfið. Næstu skref eru að vinna rammaskipulag og síðan deiliskipulag um byggðina.

Hugmynd vinningstillögunnar er að þarna verði vistvænt umhverfi með þjónustu – þar á meðal verslunum og skólum upp að fimmta bekk grunnskóla. Númæli er í tillögunni að gert er ráð fyrir sérstöku bílastæðahúsi þar sem íbúar geti leigt sér bílastæði í stað þess að grafa fyrir bílakjöllurnum undir húsunum með tilheyrandi kostnaði. Þá er einnig gert ráð fyrir möguleikum til landfyllingar þar sem koma mætti fyrir smábátahöfn í fyllingu tímans.

Nánar er fjallað um nýja Skerjafjarðarbyggð á bls. 4.

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Esther jarðarberjaveisla
900 gr. kassi á 998
250 gr. askja á 298

Melabúðin
Þín verslun

Sími 551-0224

Helgartilboð!
- helgina 22. - 25. mars
- meðan birgðir endast

Nautalundir úr kjötborði
Nýja Sjáland 25% afsláttur
Lamba Prime-Rib
úr kjötborði 3498 kr/kg
Svínahnakki úrbeinaður
úr kjötborði 1498 kr/kg

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
3. tbl. 21. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Framkvæmdir hefjast við nýjan Landsbanka í byrjun næsta árs

Nýjar höfuðstöðvar Landsbankans við austurhöfnina eins og Arkþing og C.F. Möller leggja til. Þótt hönnun byggingarinnar muni ef til vill breytast eitthvað við fullvinnslu þá er ekki gert ráð fyrirmiklum útlitsbreytingum.

Stefnt er að því að hefja framkvæmdir við byggingu nýrra höfuðstöðva Landsbankans við austurhöfnina í Reykjavík í byrjun næsta árs. Ákveðið að ganga til samninga við Arkþing ehf. og C.F. Möller um hönnun og þróun á nýbyggingu bankans við Austurhöfn í Reykjavík. Þetta kemur fram í tilkynningu frá bankanum.

Í frétt frá bankanum kemur fram að húsið sem Arkþing og C.F. Møller hafa teiknað sé fallegt og kallast vel á við umhverfi sitt. Því telji ráðgjafaráðið að það muni sóma sér vel í miðborginni og verði verðmæt eign fyrir Landsbankann. Einnig kemur fram að tillagan hæfi starfsemi bankans vel og uppfyllir vel þær forsendur sem lagt hafi verið upp með. Alls voru sjö hópar arkitekta valin í október sl. til að skila inn frumtillögum að hönnun hússins og í janúar bárust bankanum tillögur þeirra. Þriggja manna ráðgjafaráð var bankastjóra og bankaráði til fulltingis við ákvörðunina og mælti ráðgjafaráðið með þeirri tillögu sem varð fyrir valinu. Í ráðgjafaráðinu sátu G. Oddur Víðisson arkitekt, Halldóra Vífilsdóttir, arkitekt hjá Landsbankanum og Valgeir Valgeirsson, verkfræðingur hjá Landsbankanum.

Mun nýta um 60% af hinu nýja húsnæði

Gert er ráð fyrir að bankinn muni nýta um 10 þúsund fermetra í nýju húsi eða um 60% af flatarmáli þess en selja eða leigja frá sér um 6.500 fermetra sem munu nýtast fyrir verslun og aðra þjónustu. Með flutningi í nýtt hús mun starfsemi sem nú fer fram á um 21.000 fermetrum rúmast á um 10.000 fermetrum sem er rúmum helmingi minna húsnæði auk þess sem nýtt húsnæði komi til með að henta þörfum nútíma bankastarfsemi betur en hið eldra. Landsbankinn er nú með starfsemi í 13 húsum í miðborg Reykjavíkur að langstærstum hluta í leiguhúsnæði. Núverandi húsnæði bankans er bæði óhentugt og óhagkvæmt fyrir rekstur hans. Bankaráð Landsbankans ákvað vorið 2017 að byggja húsnæði fyrir starfsemi bankans að Austurbakka 2 við Austurhöfn. Fyrir liggur að vinna fullnaðarhönnun hússins og getur frumtillagan því tekið breytingum á hönnunarstigi þótt heildaryfirbragð hússins verði óbreytt.

Rafdrifnir vagnar á gúmmíhjólum

Sá misskilningur virðist hafa náð að breiðast út að með svonefndri Borgarlínu sé ætlunin að leggja teinung eða umferð léttlesta á teinum sem hluta af almenningssamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu. Slíkur samgöngumáti er þekktur víða erlendis og hentar vel en þar er jafnan um mun fjölmennari byggðir að ræða.

Sú fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem mannfjöldaspár gera ráð fyrir fram til ársins 2040 um allt að 70 þúsund manns kallar á verulega þéttingu byggðar til viðbótar þeirri sem þegar hefur átt sé stað eða er unnið að. Íbúafjölgun leiðir til þess að fleira fólk verður á ferli og þarf að komast á milli staða. Svo mikil fjölgun íbúa skapar umferð sem ekki verður leyst með einkabílnum einum saman þótt hann hafi ýmsa kosti til að bera. Af þeim augljósu ástæðum fóru forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir merkjum SSH að ræða um nýjar leiðir til að næta þessari nánu framtíð.

Aldrei hefur verið litið á byggingu teinungs sem raunhæfan möguleika heldur er verið að ræða akstursleiðir sem einungis rafdrifnir almenningsvagnar nota og verða því mun fljótari í förum en vagnar sem aka eftir hefðbundnum umferðargötum. Um er að ræða fjórar akstursleiðir sem verða 35 kílómetrar og munu tengja svæðið frá Hafnarfirði í suðri til Seltjarnarness í norðvestri. Gert er ráð fyrir að þessar framkvæmdir falli að samgönguáætlun til ársins 2030.

Framkvæmd sem þessi kostar fjármuni rétt eins og aðrar samgönguframkvæmdir. Í tillögum samráðshóps SSH, Vegagerðar og samgönguráðuneytis er gert ráð fyrir að fyrsti áfangi þeirra mun kosta 43,9 milljarða. Þetta eru vissulega stórar tölur í augum almennings en spurning verður um stærð þeirra þegar þær eru bornar saman við aðrar lausnir sem jafnvel eru ekki fyrir hendi.

Ný götuheiti í Miðborginni

- Steinbryggja, Bryggjugata, Kolagata og Tónagata

Umhverfis- og skipulagsráð hefur lagt til nöfn á nokkrum götum sem endurnýjast eða verða til við þá uppbyggingu sem unnið er að á svæði austur hafnarinnar í Reykjavík.

Ráðið leggur til að syðri hluti Pósthússtrætis sem liggur milli Tryggvagötu og Geirsgötu verði endurnefnd Steinbryggja. Einnig er lagt er til að gata sem verður á Austurbakkanum, nest fyrir vestan fyrirhugaða byggð að hóteli verði köllu Bryggjugata. Þá er lagt er til að gatan sem liggur milli Steinbryggju og Kalkofnsvegar, samsíða Tryggvagötu og Geirsgötu verði nefnd Kolagata. Á aðalteikningum arkitekta hefur gata sem liggur frá Tryggvagötu, í gegnum alla lóðina, yfir Geirsgötu að Hörpu verði kölluð Reykjastræti. Nefndin telur það heiti ekki passa og leggur til að gatan verði nefnd Tónagata.

Tölvugerð mynd af hafnarsvæðinu í Miðborginni. Nýjar byggingar kalla á nýjar götur og götuheiti.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!
www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA
S: 562 5999

S: 669 5999
FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Vesturbæingar

Ætti ég að kaupa mér rafmagnshjól?

GJÖF SEM NÆR LENGRA

Gefðu minningar í fermingargjöf

Fermingarbörn nútímans eiga jafnan allt sem hugurinn girnist. Gjafabréf Icelandair breytist í ævintýri á erlendri grundu – nýja reynslu sem býr með ungri manneskju ævilangt. Gefðu minningar í fermingargjöf. Gjöf sem stenst tímans tönn.

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 87835 03/18

Ný byggð í Skerjafirði

Áhersla á græn svæði og útivist

Tillaga ASK arkitekta bar sigur úr býtum í samkeppni á vegum Reykjavíkurborgar um nýja byggð við Skerjafjörð. Tillagan var unnin í samstarfi við Landslag og verkfræðistofuna Eflu og byggir á nálægð við sjóinn en einnig er lög sérstök áhersla á græn svæði og útivist.

Páll Gunnlaugsson arkitekt og framkvæmdastjóri ASK arkitekta segir að upphaf þessa máls megi rekja til þess að Reykjavíkurborg hafi vorið 2017 boðið til hugmyndaleitar að nýrri byggð við Skerjafjörð. Fimm hópar hafi verið valdir til að taka þátt. Sérstakur stýrihópur var einnig skipaður fyrir verkefnið en í honum voru: Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Björn Axelsson skipulagsfulltrúi, Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Ómar Einarsson sviðsstjóri íþrótta- og tómstundasviðs. Með stýrihópnum störfuðu Helgi Geirharðsson verkefnisstjóri og Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa. Jafnframt var skipaður verkefnishópur sem í sátu starfsmenn af hinum ýmsu deildum umhverfis- og skipulagssviðs.

Páll Gunnlaugsson arkitekt.

Gert er ráð fyrir breytilegri húsagerð í nýrri byggð.

Nýtt land og styrking byggðar sem fyrir er

Talið berst að tillögu ASK arkitekta, Landslags og Eflu. Páll segir hana gefa hugmynd um á hvern hátt byggja megi í sátt við nágrennið. Við Öskjuhlíðina, Nauthólsvíkina og síðast en ekki síst við Vatnsmýrina þar sem Reykjavíkurflugvöllur stendur nú. “Í greinargerð með vinningstillögunni kemur fram að staðsetning hinnar fyrirhuguðu byggðar hafi allt til að skipulag á þessu svæði geti orðið leiðarljós fyrir þá uppbyggingu sem þarna geti átt sér stað á næstu árum og áratugum. Hún eigi sér stað á landi sem sé eitt það verðmætasta sem borgarbúar hafi yfir að ráða. Verið sé að brjóta nýtt land um leið og að þétta og styrkja þá byggð sem fyrir er.”

Afmarkast af Skeljanesi og öryggissvæðum flugbrautanna

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030 er gert ráð fyrir að á svæðinu muni rísa íbúðir og er gerð rammaskipulags fyrsta skrefið í átt að því að framfylgja þeirri stefnu. Áhersla er lögð á vistvæna byggð sem tekur tillit til náttúru og nærliggjandi byggðar. En hvar er þetta svæði nákvæmlega. Páll segir það liggja að núverandi byggð í Skerjafirði og afmarkist af Skeljanesi til vesturs. Til norðurs og austurs afmarkist það af öryggissvæði flugbrautanna á Reykjavíkurflugvelli bæði suður vesturbrautarinnar og norður suður brautarinnar. Til suðurs takmarkist svæðið við strandlínu Fossvogs. Hugmynd sé þó um að fara hana til með landfyllingu til suðurs eins og gert sé ráð fyrir í aðalskipulagi borgarinnar.

Bílastæðahús sparar fjárhæðir

En eru nýjungar að finna í þeim hugmyndum sem unnið er að varðandi uppbyggingu á þess svæði. Páll bendir á að rammaskipulag Graeme Massie hafi verið leiðarljós skipulags í Vatnsmýrinni um nokkurt skeið. Þar sé að finna að nokkru fyrirmynd rammaskipulags Nýs Skerjafjarðar en þó hafi verið horfið frá hornréttum samgönguæðum og strangri randbyggð. Formin séu mýkri og byggðin fjölbreyttari með mildara yfirbragði. “Við lögðum áherslu á blandaða húsagerð sem gefur umhverfinu grænt og lifandi yfirbragð og góða möguleikar til útivistar. Annað sem er nokkurt nýmæli er að í stað hefðbundinna bílastæða í kjöllurum húsa er gert ráð fyrir bílageymsluhúsum þar sem íbúum mun gefast kostur á að leigja sér bílastæði. Þetta sparar umtalsverðar fjárhæðir í byggingarkostnaði því það þarf ekki að grafa djúpt niður í jörðina fyrir þessum hluta húsa. Honum er einfaldlega sleppt.”

Þjónusta og skóli í hverfinu

Páll segir næstu skref vera að þegar rammaskipulag liggi fyrir verði kallaðir til þróunaraðilar sem vinna eiga endanlegt deiliskipulag í samráði við borgina. “Við erum að skipuleggja íbúðabyggð með um 800 íbúðum í þriggja til fimm hæða húsum þar sem reynt verður að leita eins vistvænna skipulagslausna eins og unnt er að bjóða upp á og fjölbreyttar gerðir íbúða hvað varðar stærðir og útlit. Við gerðum ráð fyrir eðlilegu hlutfalli atvinnuhúsnæðis fyrir verslun, þjónustu, menningarstarfsemi og mögulega aðra atvinnustarfsemi í byggðinni. Það er nauðsynlegt að íbúar geti fengið ákveðna grunnþjónustu heima fyrir og þurft ekki að leita út úr hverfinu eftir hverju smáatriði. Þá verður að tryggja gott samspil almenningsrýma, bygginga og nærumhverfis og nauðsynlegt að tryggja skólahald með því að leik- og grunnskóli upp í fimmta bekk verði starfandi í byggðinni. Við viljum að götumyndir verði heildstæðar og gatnakerfi verið borgarmiðað. Eftir er að vinna tillögur um tengingar við helstu samgönguæðar í nágrenni við svæðið en við gerum ráð fyrir að tengja það við fyrirhugaða brú yfir Fossvog þar sem Borgarlínan mun mögulega liggja í framtíðinni. Síðan má hugsa fyrir nýjum tengingu eftir að flugvöllurinn verður endanlega farinn úr Vatnsmýrinni. Eitt sem horft er til að ef farið verðir í landfyllingu sunnan fyrirhugaðrar byggðar að koma upp smábátahöfn. Þar gætu menn verið með litla báta, skroppið á sjóinn og jafnvel fengið sér í soðið. Annað sem við horfum til í sambandi við útivist er grænt belti sem nær nokkuð upp í Vatnsmýrina – svona til móts við hús Íslenskrar erfðagreiningar.

Áhersla er lögð á grænt og fjölskylduvænt umhverfi í nýrri Skerjafjarðarbyggð.

Nýr Skerjafjörður eins og ASK arkitektar sjá hann fyrir sér af sjó.

Margir taka þessu vel en skoðanir eitthvað skiptar

Hvernig taka aðrir íbúar í Skerjafirði þessum hugmyndum. “Ég hef farið á tvo kynningarfundi. Sá fyrri var með íbúum og fór hann að miklu leyti í kynningar og að svara fyrirspurnum. Sá síðari var boðaður af Prýðifélaginu Skildi í Skerjafirði og þar komu fram meiri efasemdir um þessa byggð og hvort yfirleitt eigi að ráðast í hana. Þar virtist samankominn hópur af fólki sem er andstætt þéttingu byggðar og einnig því að hróflað verði við flugvellinum. Ég veit ekki hversu stór hópur þetta er. Kannski 50 til 60 manns en eðlilega geta verið skiptar skoðanir um verkefni af þessu tagi – einkum í næsta nágrenni.”

FERSKUR FISKUR DAGLEGA
MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN
FISKBÚÐIN VEGAMÓT
Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30

Traustar undirstöður húsa Búseta við Keilugranda

Þessar súlur mynda undirstöðu húsanna við Keilugranda 1 til 11.

Ístak hóf fyrir hönd Búseta húsnæðissamvinnufélags vinnu við grundum fyrir 78 íbúðir Búseta við Keilugranda 1 til 11 í síðastliðinni viku. Jarðvegsrannsóknir hafa farið fram og leiddu niðurstöður rannsókna í ljós að grundun húsanna þyrfti að fara fram með niðurrekstri á súlum sem mynda undirstöður húsanna.

Um er að ræða u.þ.b. 260 forsteyptar súlur með járnabindingu sem verða reknar 9-12 metra niður í klöpp. „Framkvæmdin hefur gengið vel hjá teymi Ístaks og gerum við ráð fyrir að þessari framkvæmd verði lokið um miðjan apríl“ segir Bjarni Þór Þórólfsson framkvæmdastjóri Búseta. „Verkefninu fylgir óhjákvæmilega ónæði en myndast hefur gott samstarf við nágranna. Búseti hefur sett upp sérstaka upplýsingasíðu fyrir nágranna sem má finna á vef Búseta www.buseti.is. Þar geta íbúar og aðrir áhugasamir fylgst með framgangi, þ.á.m. titringsmælum í rauntíma“ segir Bjarni. Hægt er að senda inn fyrirspurnir og skrá sig á póstlista til fá fréttir af framkvæmdunum á vefsíðu Búseta. Áætlanir gera ráð fyrir að fyrstu íbúar geti flutt inn í lok árs 2019.

Stórvirk vinnuvél með fallhamar er notuð til þess að reka súlurnar niður.

www.101.is

Eins og sjá má er Hagatorg umlukið umferðargötum sem einangra það frá mannlegri umferð og til að það nýtist til mannaferða.

Vilja bæta aðgengi að Hagatorgi

Vesturbæingar vilja bæta aðgengi að Hagatorgi. Í hugmyndasöfnun fyrir Hverfið mitt í fyrra voru settar inn fjórar hugmyndir um Hagatorg og betri nýtingu þess. Þessar hugmyndir voru sameinaðar í eina tillögu sem var kosin til framkvæmda í íbúakosningunni Hverfið mitt.

Verkefnið felur í sér að bæta aðgengi að Hagatorgi. Það er umfangsmikið og var því áfangaskipt. Nú hefur 1. áfangi verið kosinn og miðar hann að því að tengja torgið betur við nærumhverfið þannig að gestir og gangandi komist á torgið á auðveldan og öruggan hátt. Í tillögunni var gert ráð fyrir upphækkuðum tengingum með grófu yfirborði til að draga úr umferðarhraða með öryggi gangandi vegfarenda í huga. Hverisráð Vesturbæjar átti fund með íbúum á dögunum þar sem rætt var um útfærslur og framtíðarhugmyndir.

Formaður lítur um öxl

Undanfarin tæp átta ár hef ég setið í hverfisráði Vesturbæjar eða allt frá því kjörtímabilið 2010-2014 hófst. Svo tók ég við formennsku í ráðinu í upphafi þess kjörtímabils sem nú fer senn að enda. Ég gef ekki kost á mér til frekari starfa á þessum vettvangi og vildi því líta um öxl við þau tímamót.

Af þeim átta árum sem ég hef verið fulltrúi í ráðinu bjó ég í gamla Vesturbænum á sjötta ár. Þegar börnunum hafði ekki bara fjölgað heldur tóku að stækka líka var litla íbúðin á Bárugötu farin að þrengja svolítið að. Við tók mjög hefðbundin krísa Vesturbæinga með stækkandi fjölskyldur. Framboð af stærri íbúðum frekar lítið og verðið frekar hátt. Á endanum fluttum við í Árbæjarhverfið þar sem kröfum um verð og stærð varð auðveldar mætt.

Þessi breyting á sjónarhorni varð tilefni til að velta ákveðnum málum betur fyrir mér. Félagsauðurinn er einn af helstu styrkleikum hverfisins. En ég hef líka getað talað af miklu meira öryggi um þörfina fyrir úrbætur á skólalóðum og aukinni fjárfestingu í annarri frístundaaðstöðu Vesturbæjar.

Þar sem fleiri þurfa að deila plássinu er líka þörf á að fjárfesta meira í hverjum fermeter svo hann nýtist sem best. Fyrir þessu er sjálfsagt að berjast áfram.

Tvær framkvæmdir

Ég var svo sem búinn að átta mig á mörgu sem vantaði löngu áður en ég flutti og því vann ég baki brotnu að því að einhvers staðar skyldi settur upp gervigrasvöllur í hverfinu, líkt og er við nær alla aðra skóla borgarinnar en var þá hvergi í hverfinu. Það var afskaplega lærdómsríkt að mæta þeim hindrunum sem biðu þess verkefnis hvarvetna. Í fyrsta sinn í sögu borgarinnar voru haldnir

Sverrir Bollason.

opnir fundir þar sem borgarfulltrúar mættu til að ræða battavöll á skólalóð. Of margir kokkar spilla súpunni og það komu ekki einu sinni neinir battar utan um völlinn á Melaskólalóðinni. Nú má hins vegar reikna með að battavellir birtist á bæði lóðum Vesturbæjarskóla og Grandaskóla innan tíðar.

Þétting þjónustu

Hin hliðin á þéttingu byggðar er þétting þjónustu. Það hafði verið minnkandi aðsókn að Vesturbæjarlauginni um árabil og enn lengur hafði verið kvartað yfir því að heitu pottarnir væru alltaf í skugga seinni partinn auk þess sem þeir hentuðu illa fyrir einkasamtöl. Það var því kærkomið tækifæri sem gafst þegar unnin var framtíðarstefnumörkun fyrir sundlaugarnar í borginni. Við Eva Baldursdóttir áttum veg og vanda að þeirri vinnu og sáum mikil tækifæri í að nýta átaksfjárfestingar Borgarinnar til að bæta úr þessu við Vestubæjarlaug og úr varð nýr heitur pottur sem hefur aukið aðsóknina svo um munar.

Síðustu verkin

Undanfarið hefur áherslan í störfum hverfisáðsins verið að kanna aðstæður við hinar ýmsu stofnanir hverfisins. Í fyrravetur heimsóttum við alla skóla hverfisins og á vetrinum sem nú hyllir undir endann á höfum við beint sjónum okkar að frístundastarfi í hverfinu. Sama hvað verður sagt um nauðsyn þess að hafa góða aðstöðu til að starfa þá verður ekki litið framhjá að starfsfólkið er kjölfestan í starfseminni.

Árlega hið minnsta hefur hverfisráðið staðið fyrir fundum með almenningi í hverfinu. Ég hef kosið að nýta fundina til að gefa íbúum kost á að vinna í sameiningu að brýnum úrlausnarefnum. Nú síðast var vinnufundur íbúa um útfærslu á væntanlegum framkvæmdum við Hagatorg sem hafði verið kosið um í Hverfinu mínu 2017. En áður hafa íbúar komið saman til að ræða útfærslu þjónustu Strætó í hverfinu og til að ræða skiptingu skólahverfa svo eitthvað sé nefnt.

Næstu skref

Hugsanlega munu verða einhverjar breytingar á skipan og starfi hverfisráðanna að teknu tilliti til þeirra breytinga sem unnið hefur verið að á kjörtímabilinu í Stjórnkerfis- og lýðræðisráði Borgarinnar. Hvernig sem þær breytingar verða útfærðar tel ég mikilvægt að einhver hafi á sér hverfisgleraugun þegar fjallað er um þann fjölda ákvarðana sem teknar eru í Borgarstjórn og öðrum ráðum Borgarinnar.

Sent á ferð og flugi

Sverrir Bollason

HÚSVERNDARSTOFA
Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa

Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333

Minjastofnun Íslands
Borgarsögusafn Reykjavíkur
IÐAN fræðslusetur

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX · AIR CIRCULATION SYSTEM · LIGHT WEIGHT · ECE NORM R 44/04 · HERO · ISO FIX · ADVANCED SIDE PROTECTION

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

NÝTT

NÓI SÍRÍUS

Gleðilega páska

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Piprandi snilld um páskana

Nú verður allt vitlaust! Það er komið nýtt Nóa páskaegg með piparkroppi! Náðu þér í eitt og svalaðu piparþörfinni um páskana. Þú verður bara að prófa til að sannfærast, en við ábyrgjumst ekki að þú getir hætt að gæða þér á öllu góðgætinu.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.

facebook.com/noisirius

Dymbilvika og páskar í Neskirkju

Laugardagurinn, 24. mars
Fermingarmessur kl. 11.00 og 13.30
Prestar eru sr. Skúli S. Ólafsson og
sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Pálmasunnudagur, 25. mars
Hátíðarmessa og barnastarf kl. 11:00.
Söngur og gleði í sunnudagskólanum.
Samfélag og kaffisopi á Torginu eftir messu.
Prestar eru sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir
og sr. Skúli S. Ólafsson.

Skírdagur, 28. mars
Messa kl. 18:00.
Fólki boðið að setjast að borðum þar sem brauði
og víni verður útdeilt og almennt borðhald fer fram.
Þau sem geta, eru hvött til að leggja eitthvað til máltíðarinnar.
Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson.

Föstudagurinn langi, 30. mars
Guðsþjónusta kl. 11.00.
Píslarsagan lesin og hugleidd.
Í framhaldi fer fram, „Samtal um Kees", þar sem
dr. Halldór Björn Runólfsson fjallar um sýningu Kees Visser, Crux.
Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson.

Páskadagur, 1. apríl
Hátíðarmessa kl. 8.00.
Hátíðartón sungið. Prestar eru sr. Skúli S. Ólafsson og
sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Morgunkaffi og páskahlátur að messu lokinni.

11.00. Fjölskylduguðsþjónusta og páskaeggjaleit.
Prestur er sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir.

Annar í páskum, 2. apríl
Fermingarmessa kl. 11.00.
Prestar eru sr. Skúli S. Ólafsson og
sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Kór Neskirkju syngur við helgihaldið
undir stjórn Steingríms Þórhallssonar, organista.

Ægisbúar í sveitaútilegu

Fálkaskátasveitir Ægisbúa, Hafmeyjar og Sjóarar fóru í sveitarútilegu fyrir skömmu og var ferðinni heitið í skátaskálann Þrist undir Mosgarðshnúkum. Ferðin byrjaði á krefjandi göngu að skálanum þar sem ekki var hægt að keyra að skálanum sökum færðar.

Á Laugardeginum fengu skátarnir svo að spreyta sig í ýmsum verkefnum svo sem að höggva eldivið, útbúa snjóhús, sækja vatn í ánna fyrir hádegismatinn eða renna sér. Eftir hádegi var svo haldið í göngu þar sem nýir skátar voru vígðir í skátanna í gömlu draugahúsi. Um kvöldið grilluðu skátarnir og spiluðu þar til þeir skriðu þreyttir ofan í svefnpoka. Útilegan var krefjandi þar sem ekki er rafmagn í skátaskálanum né rennandi vatn og stóðu skátarnir sig með sóma í þessari skemmtilegu ferð.

Myndirnar voru teknar í útilegunni.

Kraftur í KR, Íslenskuþorpið og páskabingóði á Aflagranda

„Við kynntum starfið okkar í Krafti í KR og Vítamín í Val á opnum fundi ÍTR og heppnaðist það einstaklega vel. Voru allir spenntir fyrir því starfi sem komið er af stað," Sigríður Guðný Gísladóttir verkefnastjóri í félagsstarfinu á Aflagranda.

Hún segir hópinn í KR stækkar ört og tímarnir séu orðnir alveg svakalega skemmtilegir. „Við fengum að prófa hláturjóga um daginn og fóru þar allir aðeins út fyrir þægindarammann og höfðu gaman af." Íslenskuþorpið frá Háskóla Íslands kom svo í heimsókn á Aflagrandann í þessari viku og höfðu þeir sem tóku þátt mjög gaman af því. „Þar koma erlendir nemendur sem eru að læra íslensku í HÍ og spjalla við gesti á félagsmiðstöðinni til að æfa sig í íslensku. Tóku eldri borgararnir okkar vel á móti þeim og áttu þau gott spjall. Þá má geta þess að fulltrúi frá hverfisráði kom til okkar í vikunni og hitti gesti og safnaði hugmyndum til að setja inn í Hverfið mitt kosningarnar. Höfðu gestirnir mjög gaman af því. Svo má minna á páskabingóið hjá okkur í næstu viku, föstudaginn 23. mars og eru þá páskaegg í vinninga.

Frá félagsstarfinu á Aflagranda.

Fjölbreytt úrval af blómum fyrir fermingar og páska

BLÓMAGALLERÍ

Hagamel 67 - S: 552 6070

Opið: Mánud. – föstud. kl. 9 - 19
Laugard. og sunnud. kl. 10 - 19

Systrasamlagið

Kíktu á boðefnabarinn!



CACAÓ & ANNAÐ Á BOÐEFNABARNUM

Bjóðum allskyns holla og heimagerða drykki á boðefnabarnum sem næra bæði líkama og sál. Bliss og ástardrykki og allt þar á milli.

KRISTALSVATNS-FLÖSKUR

Gæða vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Margar tegundir. Mögnuð gjöf.

TÍMAMÓTAGJÖF!

Frábært veganesti út í lífið fyrir fyrir fermingarbörn á öllum aldri: Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull.

VÍTAMÍN & DRYKKIR

Frá Viridian koma vönduðustu bætiefni samtímans en líka magnaðir drykkir til heimabrúks.

FLOTHETTAN

Framúrskarandi íslensk hönnun. 4 litir/munstur.

Líka í netsölu á systrasamlagid.is

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Fylgstu með SLÖKUN Í BORG á www.systrasamlagid.is

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

Vesturbærinn er sannkallað lífsgæðahverfi

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir fyrirhugaða uppbyggingu íþróttamannvirkja og íbúða í og við Frostaskjól geti heppnast ótrúlega vel. Krakkarnir í hverfinu eigi skilið fyrsta flokks íþrótta- og frístundaaðstöðu en með áformum KR-inga í samstarfi við borgina getur það orðið að veruleika. Hverfið er fullt af krökkum og íbúðum mun fjölga sem gefur fleirum kost á að njóta þess að búa í vesturbænum – einu rótgrónasta hverfi borgarinnar.

Borgarstjóri vill að hverfi borgarinnar séu sjálfbær um þjónustu og að sem flestir þurfi að sækja nærþjónustuna sem styst. „Með sjálfbærni á ég við að mannfjöldi sé nægjanlegur til þess að geta staðið undir sem mest af þjónustunni innan hverfis. Þá er ég ekki bara að tala um skóla, leikskóla og íþróttir, heldur líka hverfisverslanir, kaffihús, sundlaug og margt fleira. Vesturbærinn ræður mjög vel við að standa undir slíkri þjónustu og er mjög vel í sveit settur. Við sjáum þessa lífsgæðaþróun þegar með tilkomu Kaffi-Vest og Borðsins og Brauð&co sem gerir góðan hverfishlut ennþá betri.

Dagur færir bræðrunum í Kjötborg á Ásvallagötunni las ásamt Örnu eiginkonu sinni þegar þeir höfðu verið valdir Reykvíkingar ársins 2014.

Húsnæðismálin stærsta verkefnið

Borgarstjóri segir húsnæðismálin hafa verið stærsta verkefnið á kjörtímabilinu og þau verði forgangsverkefni áfram en metár eru nú í uppbyggingu íbúða í Reykjavík. Þá hefur uppbygging íbúða í eigu félaga sem eru ekki rekin í hagnaðarsjónarmiði verið áberandi til að auka framboð af íbúðum á viðráðanlegu verði, bæði til kaups og leigu. Borgin sé í umfangsmiklu samstarfi við stúdenta, eldri borgara, Búseta, verkalýðshreyfinguna og aðra sem vinna að húsnæðisuppbyggingu án hagnaðarsjónarmiða. Næsta stórverkefni í húsnæðismálum sé að mæta hópnum sem kemst ekki inn á fasteignamarkaðinn, ungu fólki og fyrstu kaupendum. „Við héldum vel heppnaðan og ótrúlega vel sóttan fund um daginn þar sem hópar og þróunaraðilar sem höfðu sent inn hugmyndir, fengu að kynna sín áform og hvernig væri hægt að gera ungu fólki og fyrstu kaupendum kleift að komast inn á markaðinn."

Stóra verkefni að þróa kraftmikla borg

Dagur segir kjörtímabilið hafa gengið vel. Meirihlutinn hafi verið samhentur. Viðsnúningur hafi orðið í rekstri borgarinnar og sterk staða borgarsjóðs sé nú flestum ljós. Betri þjónusta, fleiri íbúðir, lægri gjöld og fjölbreyttari og skemmtilegri borg sé honum efst í huga eftir þessi tæplega fjögur ár sem hann hefur verið borgarstjóri.

Stóra verkefnið hafi verið að þróa kraftmikla og spennandi borg sem tryggi að allir hafi tækifæri og atvinnu og að nýjar kynslóðir vilji búa hérna. „Ef við ætlum að vera samkeppnishæf þurfum við að eiga öfluga höfuðborg sem stenst nágrannaborgum okkar snúning. Við erum að sjá dæmi þess að Reykjavík er hástökkvari á lífsgæðalista tímaritsins Economist yfir borgir í heiminum. Við erum að koma vel út í skýrslu norræna ráðherraráðsins um borgarsvæði á Norðurlöndum en þar erum við að skjótast upp fyrir Helsinki þannig að það er margt sem bendir til þess að Reykjavík sé í mikilli sókn. Því viljum við halda áfram."

Vesturbærinn býr að miklum félagsauð

Dagur segir að vesturbærinn sé hverfi sem búi að miklum félagsauð hvert sem litið er. Krakkarnir í hverfinu eiga gríðarlega sterkt bakland í fjölskyldum sínum enda foreldrastarfið í hverfinu ótrúlega öflugt. Félagsstarf eldri borgara sé í miklum blóma og til fyrirmyndar hvernig félagsmiðstöðin í Aflagranda hefur opnað dyr sínar fyrir samfélaginu. Viðbyggingin við Vesturbæjarskóla mun stækka og bæta þennan öfluga skóla, svo erum við að rýna bestu leiðir í húsnæðismálum Mela- og Hagaskóla.

Stór hluti Vesturbæinga notar almenningssamgöngur mikið'

Nú hefur borgarlínan mikið verið rædd – munum við sjá hana í náinni framtíð og það sem meira er - mun hún koma í Vesturbæinn?

Já, við sjáum fram á að Borgarlínan muni koma í vesturbæinn og tengjast Háskólasvæðinu. Tengingin við Seltjarnarnes hefur hins vegar ekki verið tímasett. Við sjáum að farþegagrunnurinn er góður og að stór hluti Vesturbæinga nota almenningssamgöngur mikið þannig að við þurfum að skoða það með tilliti til þess. Landspítalinn, Háskóli Íslands og fleiri af stærstu vinnustöðum landsins eru í auðveldu hjólafæri og algengt að íbúarnir í vesturbænum noti hjól, ganga eða taki strætó til að komast á milli. Það er mikilvægt að sjá að við getum náð upp í sömu ferðavenjur og vesturbærinn í öðrum hverfum – en það er áskorun.

Að bjóða betri þjónustu

Varðandi næstu skref Borgarlínunnar þá bind ég vonir við að ríkisstjórnin samþykki að ráðast í verkefnið í samvinnu við okkur þannig að þetta verði eitt af stóru framkvæmdaverkefnunum á næsta kjörtímabili. Það er mjög mikilvægt til að umferðin gangi betur. Bæði fyrir þá sem ætla að nota almenningssamgöngur, en líka hina sem munu áfram keyra. Besta leiðin til að fjölga þeim sem nota almenningssamgöngur er að bjóða upp á borgarlínu: betri þjónustu með betri vögnum, betri stöðvum, hærri tíðni, meiri upplýsingum og betri upplifun. Borgarlínuverkefni eru hvarvetna í gangi í borgum í Evrópu og Bandaríkjum og það er mikilvægt að ná um það breiðri samstöðu hér líka.

Næsta skref er að auðvelda ungu fólki að eignast sína fyrstu íbúð

Húsnæðismálin hafa verið fyrirferðamikil á kjörtímabilinu.

Borgarstjóri í heimsókn á Aflagranda.

Dagur segir að vesturbærinn sé hverfi sem búi að miklum félagsauð hvert sem litið er. Krakkarnir í hverfinu eiga gríðarlega sterkt bakland í fjölskyldum sínum enda foreldrastarfið í hverfinu ótrúlega öflugt. Félagsstarf eldri borgara sé í miklum blóma og til fyrirmyndar hvernig félagsmiðstöðin í Aflagranda hefur opnað dyr sínar fyrir samfélaginu.

Það var talað um það fyrir síðustu kosningar að 2500 til 3000 leigu- og búseturéttaríbúðir færu í uppbyggingu innan fimm ára. Mun það takast?

„Já, það mun takast," segir Dagur. „Árin 2015, 2016 og 2017 voru metár í uppbyggingu í Reykjavík og árið í ár verður enn stærra. Við höfum breytt skipulagi og úthlutað lóðum um alla borg, við höfum unnið í haginn til þess að tryggja að verktakar hafi úr nógu að moða í framkvæmdum. En hryggjarstykkið í húsnæðisáætlun borgarinnar er samstarf við félög sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Á endanum verða þetta fleiri íbúðir en þrjú þúsund því staðfest áform um uppbyggingu íbúða á vegum verkalýðshreyfingarinnar, stúdenta, eldri borgara, Búseta, Félagsbústaða eru yfir fjögur þúsund íbúðir. Þegar liggur fyrir að yfir þrjú þúsund þeirra verður lokið eða þær komnar af stað innan fimm ára markmiðsins. Þetta er þó aðeins hluti af því að gera húsnæðismarkaðinn heilbrigðari. Næsta skref er að auðvelda ungu fólki og fyrstu kaupendum að eignast sína fyrstu fasteign en við höfum tekið frá lóðir fyrir slík verkefni, kallað eftir hugmyndum frá þróunaraðilum, verktökum, arkitektum og einstaklingum um það hvernig við getum lækkað byggingarkostnað og búið til hagkvæmt húsnæði fyrir fyrstu kaupendur. Þar munum við bjóða fram lóðir undir 500 íbúðir í fyrsta áfanga.

Búið að ráða í 110 stöðugildi – vantar að ráða í 21

Manneklan í borginni hefur vakið athygli og foreldrar þurft sumstaðar að vera með börnin sín heima vegna veikinda starfsfólks og manneklu. Hvernig gengur að manna og kannski hver eru næstu skref í þjónustu við foreldra og starfi leikskólanna?

Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa glímt við manneklu í þessu árferði og raunar fyrirtæki líka. Það sem

við höfum gert er að fara í átak í ráðningum sem hefur heppnast afar vel. Nú er búið að ráða í 110 stöðugildi frá ágústmánuði 2017 og vantar aðeins en við þurfum enn 21 stöðugildi til viðbótar og þá er málið leyst. Varðandi aukna þjónustu þá viljum við í stuttu máli klára leikskólamálin. Við sögðum fyrir kosningarnar árið 2014 að við viljum brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla – en jafnframt að það tæki tvö kjörtímabil. Við höfum tekið ákveðin skref á þessu kjörtímabili, búið til nýjar ungbarnadeildir og þannig geta tekið börn yngri inn. Nú viljum við taka skrefið til fulls, klára leikskólana og tryggja krökkum leikskólavist frá 12-18 mánaða aldri og brúa þannig bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Þetta verður án vafa eitt stærsta verkefni næsta kjörtímabils.

Höfum náð árangri í fjármálum

Fjármálin hafa verið í talsverðum fókus á kjörtímabilinu en það horfir til betri vegar. Hverjar eru skýringarnar á viðsnúningi í rekstri borgarinnar?

„Við höfum náð árangri í fjármálunum, bæði með kostnaðaraðhaldi en einnig tekjuaukningu sem fylgt hefur hækkun launa í landinu. Í stuttu máli, þá hefur aðhaldið skilað árangri en við sjáum líka að tekjurnar aukast. Við ákváðum að það væri forgangsmál að láta skólana og velferðarþjónustuna njóta þessa, auk fjárfestingu í félagslegu húsnæði, íþróttamannvirkjum og malbiksverkefnum sem var brýn þörf á.“

Dagur staddur í Félagsmiðstöðinni Frostaskjóli.

Reykjavíkurhöfn er stærsta löndunarhöfn landsins

Vesturbærinn er rótgróið hverfi en hver hafa verið stærstu verkefnin þar á kjörtímabilinu og hvað er næst á dagskrá?

Það er af mörgu að taka og víða er unnið frábært starf í Vesturbænum. Hverfið telur um 16.000 manns og um 7500 íbúðir. Það er uppbygging í gangi víða í hverfinu til að mynda við Seljaveg og Nýlendugötu, Mýrargötu og Slippasvæði, Vesturbugtina, við erum að leggja hjólastíg við Birkimel og sjáum fram á talsverða LED-væðingu í lýsingu í vesturbænum í kjölfar þess að götur og stígar eru tekin þar í gegn. Þá eru malbiksframkvæmdir miklar í vesturbæ, til dæmis við Einarsnes, Furumel, Flyðrugranda, Hagamel, Hofsvallagötu, Kaplaskjólsveg, Seljaveg, Suðurgötu, Túngötu, Þorragötu, Ægissíðu, Sörlaskjól og víðar. Þá er annarskonar uppbygging líka að eiga sér stað. Við erum að leyfa Grandanum að þróast svolítið lífrænt, þar eru stúdíó listamanna og tónlistarfólks með Marshall húsinu í öðrum endanum sem nýtur mikilla vinsælda. Gömlu verbúðirnar hafa fengið að halda sér og við viljum sjá hafnarsvæðið einkennast frekar af skapandi greinum og starfsemi tengdri hafinu. Til dæmis er Reykjavíkurhöfn stærsta löndunarhöfn landsins og við viljum halda því áfram þannig og ekki gefa leyfi fyrir íbúðir og hótel þar. Það er mjög mikið af atvinnuhúsnæði að byggjast upp í borginni og enn meira af íbúðafermetrum. Það liggur því ekki á því að reisa hótel við hafnarbakkann.

Eldri borgarar í vesturbæ

Nú verður gríðarleg fjölgun á eldri borgurum á næstu árum. Hvað eruð þið með á prjónunum til að mæta þeirri sprengingu sem er fyrirsjáanleg?

Það á að vera fjölbreytt og spennandi að eldast í Reykjavík og fólk er mikið virkara fram eftir öllum aldri en áður þekktist. Við viljum vera aldursvæn borg og erum í heilmiklu samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnina WHO um að gera Reykjavík að aldursvænni borg. Við erum líka í samstarfi við eldri borgara í Reykjavík og Félag eldri borgara í Reykjavík um sama markmið. Ég vil að Reykjavík verði framúrskarandi borg til að eldast í. Nú þegar er margt gott, eins og sundlaugarnar, félagsstarfið og heimaþjónustan. Við erum þessa dagana að senda út bréf til eldri borgara í allri Reykjavík þar sem minnt er á að þau geta nálgast árskort í sund og fá frítt á öll söfn borgarinnar. Við lækkuðum aldursmörkin vegna þessara fríðinda í 67 ár á kjörtímabilinu. Þá höfum við verið að bæta gönguleiðir og fjölga bekkjum í allri borginni og með þessu bréfi til eldri borgara fylgi kort af allri borginni og sérstakt kort af gönguleiðum og viðkomustöðum í viðkomandi hverfi. Hreyfing eldri borgara er lykilatriði í því að viðhalda heilsu og ef borg er góð fyrir eldri borgara, þá er hún góð fyrir alla!

Það er af mörgu að taka og víða er unnið frábært starf í Vesturbænum. Hverfið telur um 16.000 manns og um 7500 íbúðir. Það er uppbygging í gangi víða í hverfinu.

ERT ÞÚ
Í GÓÐUM HÓP?

Tapasbarinn hefur í 4 ár verið valinn besti veitingastaðurinn fyrir hópa af Reykjavík Grapevine

Gallerísalurinn okkar hentar frábærlega fyrir hópa af öllum stærðum og í boði eru fullt af **spennandi hópmatseðlum**.

Vertu velkomin í skemmtilega stemningu með hópinn þinn.

Allar nánari upplýsingar á **tapas.is** og í síma **551 2344**.
Hlökkum til að heyra í þér.

TAPASBARINN | Vesturgötu 3b

Frábært starf í Frostheimum

- kemur fram í ytra mati á starfseminni

Frostheimar komu sérlega vel út í mati sem skóla- og frístundasvið gerði vorið 2017. Matið endurspeglar að starfið þar sé til fyrirmyndar. Þjónusta Frostheima ná til barna í 3. og 4. bekk í grunnskólum Vesturbæjar. Frostheimar heyra undir frístundamiðstöðina Tjörnina sem þjónustar Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar.

Meginstef ytra mats á starfinu er að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi. Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs: Stjórnun, frístundastarf , mannauður, staðarbragur og innra mat. Ytra matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra, barna og unglinga, vettvangsathugunum á staðina og skriflegum gögnum frá þeim. Heildarskýrslu ytra mats ásamt umbótaáætlunum er hægt að nálgast á heimasíðu Frostheima.

Frá starfi Frostheima.

Eldhressir unglingar í skíðaferð til Akureyrar

Föstudaginn 23. febrúar sl. lagði félagsmiðstöðin Frosti af stað í skíðaferð til Akureyrar. Í för voru 60 eldhressir unglingar tilbúin að tæta í sig Hlíðarfjall og kynnast hinu ferska fjallalofti fyrir norðan. Ferðalagið var ævintýri líkast og hófst það með rútuferð norður þar sem allir voru til fyrirmyndar, sungu, sögðu sögur og hvíldu lúin bein.

Leiðin lá beint í Hlíðarfjall þar sem á móti okkur tók þetta líka fína færi og unglingarnir gátu spreytt sig á brekkunni. Eftir að allir voru búnir að skíða frá sér allt vit var sundlaug Akureyrar heimsótt með viðeigandi rennibrautaferðum, slökun í heitapotti og jafnvel farið í kalda pottinn. Frjáls tími tók svo við þar sem unglingarnir skoðuðu alla þá fegurð sem Akureyrarbær hefur uppá að bjóða auk þess að fá sér kvöldmat. Þegar útivistartími var liðinn skelltum við í kvöldvöku í Brekkuskóla þar sem hópurinn var með svefnaðstöðu og fljótt eftir kvöldvöku skriðu misþreyttir unglingar til rekkju. Morgunfréttirnar voru með verra móti því það var því miður lokað í Hlíðarfjalli á laugardeginum vegna veðurs. Hópurinn lét það ekki á sig fá og fór ýmist í sund, miðbæjarrölt, á kaffihús eða í hina víðfrægu ísbúð sem kennd er við Brynju. Uppúr hádegi var sameiginlegur hádegismatur á Hamborgarfabrikkunni þar sem allir fóru út saddir og sælir. Á heimleið heyrðust ýmist hlátrasköll eða hrotur eftir vel heppnaða skíðaferð.

Fleira gert en fara á skíði. Nokkur dansspor tekin í náttstað ferðalanganna.

Og svo þurfti að hvíla sig.

Nei varla svona mikið svifryk á Akureyri þótt þar aki flestir á nagladekkjum. Bara verið að leika sér með klútana.

Á heimleið.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999 S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Fróðir foreldrar hlutu hvatningarverðlaun

Oddný Sturludóttir, fulltrúi foreldra ásamt Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóra í þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða tóku við verðlaunum fyrir Fróða foreldra. Í fangi Oddnýjar er Ásgeir sonur hennar.

Verkefnið Fróðir foreldrar hlaut hvatningarverðlaun velferðaráðs á dögunum. Fróðir foreldrar er samstarfsverkefni foreldrafélaga grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og ungmennaráða Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Markmið verkefnisins eru að láta rödd foreldra og ungmenna innan skólasamfélags hverfanna heyrast, virkja samtakamátt foreldra sem mikilvægan þátt í forvörnum í uppeldi barna, nýta mannauð hverfanna og tengja við nærsamfélagið og að standa fyrir fræðslukvöldum sem byggð eru á óskum og hugmyndum foreldra. Verkefnið hefur gengið vonum framar og hefur verið fullt út úr dyrum á fræðslukvöldum Fróðra foreldra.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

Landakotsskóli

ÖRFÁ LAUS PLÁSS
í 10. bekk næsta vetur

Landakotsskóli er sjálfstætt starfandi grunnskóli. Í skólanum er vinalegt og metnaðarfullt andrúmsloft.

Áhersla er lögð á stærðfræði, íslensku, raungreinar, menningu og listir.

Nemendur í unglingadeild hafa náð góðum árangri í samræmdum prófum, einkum í ensku og stærðfræði.

Örfá pláss eru nú laus í 10. bekk og í alþjóðadeild næsta vetur en biðlistar í alla aðra bekki.

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á skólastjóra:

Ingibjörg Jóhannsdóttir
ingibjorg@landakotsskoli.is

Landakotsskóli
Túngötu 15, 101 Reykjavík
www.landakotsskoli.is

Útsala
15. mars til 20. apríl

50-70%
afsláttur af erlendum bókum og völdum vörum.

bóksala stúdenta
Alvöru bókabúð og miklu meira
www.boksala.is

Vesturbæjarblaðið
www.borgarblod.is

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA
MEÐ TUDOR
Veldu öruggt start með TUDOR
Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta
TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Skíðasambandið gerir samning við Celsus

- notar nú eingöngu EVY sólarvörn

Skíðasamband Íslands hefur gert samning við fyrirtækið Celsus á Ægisíðu í Vesturbænum um að allir keppendur í A- og B-landsliðum Íslands í skíðaíþróttum munu nota EVY-sólarvörn við æfingar og keppni en hún er talin byltingarkennd. A-landsliðið tók EVY með til S-Kóreu nú í febrúar.

„Við erum afar ánægð með þetta frumkvæði og þessa faglegu sýn hjá Skíðasambandi Íslands," segir Anna Björg Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Celsus, sem selur EVY á Íslandi. „Við erum ánægð með að forsvarsmenn Skíðasambandsins skuli átta sig á þessum gæðum vörunnar því það er mikilvægt í skíðakeppnum að keppendur hafi örugga sólarvörn sem þolir erfiðust aðstæður og húð þeirra sólbrenni ekki," segir Anna. En hvað veldur því að EVY nýtist svo vel til sólvarnar. „EVY veitir vörn í allt að sex klukkustundir og viðheldur raka í húðinni jafnvel við erfiðustu aðstæður eins og útivistar og íþróttafólk má þola. Notkun á EVY er mikil meðal skíðamanna, keppnisræðara, pólfara og annarra ofurhuga sem reyna á mátt sinn úti í náttúrunni. Því má nefna að fyrir utan að vera opinber sólarvörn Íslenska skíðalandsliðsins er EVY Technology opinber sólarvörn sænska golflandsliðsins. EVY sólarvörn er einnig notuð af sænska hjólreiðalandsliðsins valin í Volvo Race fyrir allar keppendur og fjölmörgum öðrum siglingakeppnum. Hér á landi hafa pólfarar valið að nota EVY sem áður hét Proderm og sama eru um marga í fjallaklifri, jöklaferðum, sundkeppnisfólk og siglingakappa." Anna segir mikilvægt að hafa í huga að skaðast megi af sólinni án þess að húðin brenni. „EVY

Anna Björg Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Celsus.

inniheldur bæði háa vörn gegn UVA geislum og UVB geislum. Þeir síðarnefndu UVB valda sólbruna en fólk verður fljótt vart við afleiðingarnar þegar húðin brennur en þá er líka skaðinn skeður. Há UVA vörn er afar mikilvæg þeim sem eru í sól því alvarleg skaðsemi útfjólubláu A-geislanna orsakar húðskemmdir í undirhúðinni, veldur hrukkum, slakri húð og eykur hættu á húðkrabbameini. Ekkert eldir húðina eins mikið og sólin."

Lífrænir hamborgara á Vesturgötunni

„Við leggjum mikla áherslu á lífræna þáttinn," segir Vífill Eiríksson annar eiganda Bio Borgara á Vesturgötu 12 í samtali við Vesturbæjarblaðið en hann rekur staðinn ásamt Ými bróður sínum. Þeir opnuðu í maí 2017 og hafa staðið vaktina á Vesturgötunni síðan. Þeir hafa alla tíð tengst lífrænu mataræði, foreldrar þeirra eru báðir kennarar við Waldorfsskólann í Lækjarbotnum auk þess sem Vífill er fæddur í Järna í Svíþjóð þar sem löng hefð er fyrir lífrænni ræktun og landbúnaði. „Þegar við fórum af stað með Bio Borgara þá kom aldrei neitt annað til greina en nota lífrænt hráefni," segir Vífill.

Bræðurnir Vífill og Ýmir fyrir framan Bio Borgara á Vesturgötunni.

„Nei við kviðum því ekkert að fara af stað með svona stað þótt hann sé töluvert öðruvísi en hefðbundnir hamborgarastaðir. Áhugi á lífrænni ræktun og lífrænu mataræði er stöðugt að aukast og fleiri og fleiri sækjast eftir því að geta sótt lífræna veitingastaði. Við fáum hráefnið að mestu frá innlendum framleiðendum og kjötið í hamborgarana kemur frá kúabúum sem byggja á lífrænni framleiðslu en þau eru fá hér á landi enn sem komið er. Við kaupum lífrænt ræktað hveiti frá Svíþjóð til að nota í baksturinn. Við bökum brauðin sjálfir og búum til sósur og pestó alveg frá grunni. Að því leyti er ekki hægt að tala um hefðbundinn hamborgarastað – heldur hamborgarastað með lífrænni sérstöðu."

Engin eitur- eða erfðabreytt efni

Hvað felst í því að hráefnið, í þessu tilfelli kjöt, korn, grænmeti, olía, krydd o.fl., sé lífrænt ræktað? „Í lífrænni ræktun er ekki notaður tilbúinn áburður, engin eiturefni eða erfðabreytt fræ og plöntur. Við vitum að tilbúinn áburður og skordýraeitur skaðar lífríkið svo þetta fjallar ekki bara um neyta heilsusamlegrar fæðu. Hreinleiki og bragðgæði haldast í hendur þar sem lífræn ræktun er stunduð og það skilar sér í þeim hráefnum sem notuð eru í lífrænni matargerð. Við leggjum líka áherslu á að nota árstíðabundið grænmeti." En er þetta ekki meiri vinna en að matreiða hefðbundna hamborgara með frönskum? „Það er umtalsverð vinna að baki hverjum hamborgara sem viðskiptavinurinn fær að njóta. Að baka súrdeigsbrauð er mun lengra ferli en hefðbundinn bakstur en fyrir vikið er brauðið auðmeltara og næringarefnin nýtast betur. Í staðinn fyrir franskar kartöflur bjóðum við uppá djúpsteiktar rótargrænmetisflögur, þar sem við sneiðum niður ferskt grænmeti og steikjum í olíu. Grænmetisborgarinn er vegan en í hann notum við m.a. ofnbakað grænmeti til þess fá sætuna fram."

Vel tekið á Vesturgötunni

Hvernig virkar staðsetningin neðarlega á Vesturgötunni? „Hún hefur reynst vel," segir Vífill. „Þegar við vorum að undirbúa þetta leituðum við eftir plássi á nokkrum stöðum til dæmis á Njálsgötunni og Grettisgötunni. En að endingu staðnæmdumst við hér á Vesturgötu 12. Við eignuðumst fljótlega hóp fastra viðskiptavina og sá hópur er alltaf að stækka og svo koma nýir inn beint af götunni. Hér er líka fullt af ferðafólki. Við erum það nálægt Miðbænum og hér er margbreytilegt flóra veitingahúsa þar sem fólk röltir um og velur. Við getum ekki sagt annað en að okkur hafi verið vel tekið."

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri

Fáanleg í 12 litum
í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd og Breiðhöfða, Lyf og heilsa; Granda, Kringlu og Austurveri, Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek.
Netverslanir Aha.is, Heimkaup og Krabbameinsfélagið.

Sif höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook

Dómkirkjan helgihald um bænadaga og páska

DÓMKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Gleðilega páska,
páskarnir, upprisuhátíð frelsarans,
er elst og mest allra
kristinna hátíða,
því upprisan er kjarni kristinnar trúar.

29. mars, Skírdagur,
Messa kl. 11. Ferming.
Séra Sveinn Valgeirsson prédikar

Kl. 20. Messa á Skírdagskvöld.
Sr. Sveinn Valgeirsson prédikar.
Að lokinni messu verður
Getsemanestund, íhugun og
bæn meðan altarið er afskrýtt.

30. mars, Föstudaginn langi.
Messa kl. 11.
Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson.

Vertu velkomin í Dómkirkjuna.

1. apríl, Páskadagur.
Hátíðarmessa kl. 8.
Sr. Sveinn Valgeirsson prédikar.

Hátíðarmessa kl. 11.
Biskup Íslands,
Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar
og sr. Sveinn Valgeirsson
þjónar fyrir altari.

2. apríl, Annar í páskum.
Messa kl. 11.
Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson prédikar.
Dómkórinn syngur og
organisti er Kári Þormar.

Sjá nánar um safnaðarstarfið á domkirkjan.is og á fésbókinni. Bachtónleikar Ólafs Elíassonar falla niður 27. mars og 3. apríl en annars er þeir alla þriðjudaga kl. 20.30-21.00.

Viltu koma á stefnumót við bók?

Hefur þig alltaf langað að lesa Jo Nesbø í enskri þýðingu, eða bara íslenskri? Áttu eftir að lesa Undantekninguna eftir Auði Övu? Vantar þig erfðafræðibók en langar í bók um matreiðslu? Þá hljóp á snærið hjá þér, því nú hleypum við kúnum út og bjóðum þér á árlegt stefnumót við bókina sem við höfum hrundið af stað með vorútsölu Bóksölu stúdenta og stendur yfir til 20. apríl.

Fagrar bækur og ljótar, fyndnar, fræðandi, litlar, stórar, spennandi, rómantískar, heiðarlegar og haugalygi. Við eigum allt sem hugurinn girnist í formi mörghundruð erlendra bóka með 50-70% afslætti og valdra íslenskra kilja á lækkuðu verði. Þar má finna bækur á ýmsu sviði; sígildar heimsbókmenntir, afþreyingu, fróðleik og fræðirit í flestum greinum. Eigum meira að segja sterka fjölnotapoka til að bera allt góssið. Ef þú kemst ekki til okkar, þá vill svo heppilega til að vefverslun okkar er sú stærsta á landinu og hefur að geyma alla titla verslunarinnar, sem eru 12 þúsund talsins, og að auki um 100 þúsund rafbækur. Þú getur líka kíkt á síðuna www.boksala.is og skoðað úrvalið áður en þú mætir til okkar.

Bóksala stúdenta á Háskólatorgi.

Við í Bóksölunni leggjum metnað í að aðstoða þig við að finna bókina sem þú leitar að. Markmið okkar er að hjálpa þér að finna þá réttu – hvort sem þú veist að hverju þú leitar eða ekki. Ef þú finnur hana ekki, þá er bara að spyrja. Vertu ófeiminn við að varpa öllu fram sem þér dettur í hug varðandi áhugaverðar bækur sem þú hefur heyrt um en manst ekki hvað heita, hversu furðulega sem þér finnst það kunna að hljóma. Við höfum gaman af að leggjast í rannsóknarvinnu og finna bókina fyrir þig. Hvort sem hún er fáanleg hér á landi eða ekki, í öðrum bókabúðum hérlendis eða erlendis, jafnvel á fornbókamörkuðum – við finnum hana. Við tökum stefnumótaþjónustu okkar við bókina alvarlega, enda annáluð fyrir persónulega og góða þjónustu í 50 ár.

Við eigum í sambandi við bækur. Getum stundum ekki beðið eftir komu sumra í hús, að finna fyrir þeim og kynnast þeim betur. Ertu til í stefnumót? Kíktu á vorútsöluna okkar – kannski verður úr „match made in heaven“?

Við hlökkum til að fá þig í heimsókn, starfsfólk Bóksölu stúdenta.

Bóksala stúdenta er á Háskólatorgi og er opin frá 9 til 18 alla virka daga. Vorútsalan stendur til 20. apríl.

Fjárstyrkir á vegum Hverfisráðs Vesturbæjar vegna sumardagsins fyrsta 2018

Hverfisráð Vesturbæjar auglýsir hér eftir áhugasömum stofnunum og félagasamtökum til að sækja um í sjóð ráðsins vegna hátíðarhalda á sumardaginn fyrsta í Vesturbæ en hverfisráðið mun úthluta allt að 204.000 kr. tengt þessum viðburði. Ásamt því er 296.000.- kr. frá Skóla- og frístundasviði til að halda þennan viðburð. Því eru styrkirnir allt að 500.000 kr.
Umsóknum skal skilað fyrir 2. apríl n.k. í rafrænu formi til Harðar sem er verkefnastjóri í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða á netfangið *hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is*

Hér að neðan eru upplýsingar um reglur vegna þessarar umsóknar:

1. Markmið með þessum styrk er að styrkja viðburði sem tengjast sumardeginum fyrsta árið 2018 sem ætlað er fyrir börn og ungmenni í Vesturbæ Reykjavíkur.
2. Einungis stofnanir og félagasamtök sem starfa í Vesturbæ Reykjavíkur geta sótt um þennan styrk.
3. Umsóknir verða metnar af hverfisráði Vesturbæjar.
4. Úthlutað verður 204.000 frá hverfisráði Vesturbæjar og 296.000 frá Skóla- og frístundasviði.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 2. apríl 2018. Sjá hér að ofan.
6. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af:

   a) Markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð;

   b) Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf, en viðburðurinn verður að fara fram á tímanum 10.00 -13.00, minnst tvær klst.

   c) Hvort unnt sé að meta framvindu verksins.
7. Greiðslur úr sjóðnum verða greiddar út í einni greiðslu til viðkomandi aðila sem hljóta þennan styrk.
8. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu um framvindu verkefnisins til verkefnastjóra í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að viðburðurinn hefur farið fram.
9. Hverfisráð getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín, en ráðið metur hvort þörf er á því hverju sinni.

Hverfisráð Vesturbæjar

Umhverfisvænni Vesturbær

Hildur Björnsdóttir.

Umhverfismál eru stærstu viðfangsefni samtímans. Þau snerta okkur öll og um þau ætti að ríkja samstaða. Því fylgir áskorun að búa í neyslusamfélagi en vilja samtímis stuðla að sjálfbærni og umhverfisvernd. Flokkun sorps og endurvinnsla eru lykilþættir á þeirri vegferð.

Reykjavík er höfuðborg Íslands. Hún ætti að vera í fararbroddi – hún ætti að gefa tóninn – hún ætti að setja fordæmi. En Reykjavík er í reynd eftirbátur annarra sveitarfélaga hvað varðar umhverfisvernd.

Það er vilji Sjálfstæðisflokksins að Reykjavík verði fyrirmynd erlendra borga í umhverfismálum. Það er vilji okkar að Reykjavík setji sér metnaðarfullt markmið um plastlausa borg. Við viljum auðvelda íbúum flokkun sorps. Það er trú okkar að borgarbúar vilji gera vel. Þeir vilji gera betur. En til þess þarf ferlið að vera einfalt og aðgengilegt.

Við viljum auka flokkun á lífrænum úrgangi. Það verkefni viljum við hefja í Vesturbænum. Við viljum auðveldað íbúum aðgengi að nauðsynlegum flokkunarbúnaði svo endurvinna megi lífrænan heimilisúrgang á umhverfisvænan og hagkvæman hátt. Við viljum fjölga grenndarstöðvum og flokkunarmöguleikum - og leggja áherslu á bætt aðgengi að stöðvum í göngufæri.

Við viljum umhverfisvænni borg – og viljum hefja þá vegferð í Vesturbænum.

Hildur Björnsdóttir
Höfundur skipar 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Systrasamlagið
Netverslun:
systrasamlagid.is

Eflum íþróttaiðkun barna og unglinga

Jón H. Magnússon

Sveinn Hjörtur Guðfinnsson.

Hér á landi sem annars staðar hafa foreldrar áhyggjur af hreyfingarleysi barna sinna og ofþyngd, enda ofþyngd eitt stærsta heilsufarsvandamál þjóða heims. Rannsóknir sýna að virk þátttaka í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi skilar miklum árangri í forvarnarstarfi til að bæta andlega og líkamlega heilsu barna, unglinga og fullorðinna.

UMFÍ og ÍSÍ hafa lagt mikla áherslu á íþróttir sem mikilvægan þátt í að bæta lýðheilsu landsmanna í samstarfi við íþrótta- og ungmennafélög um land allt. Eins og gefur að skilja er rekstur og skipulag faglegrar íþróttastarfsemi íþróttafélögum kostnaðarsamur. Of margir foreldrar, t.d. einstæðir með mörg börn, geta átt erfitt með að bjóða börnum sínum að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi vegna kostnaðar sem því fylgir, en miklu skiptir að börn efnaminni foreldra geti einnig tileinkað sér þann heppilega lífsstíl að stunda íþróttir.

Flest sveitarfélög eins og Reykjavík hafa á undanförnum árum hvatt foreldra til að beina börnum sínum í íþróttir með því að greiða hluta kostnaðar barnanna til viðkomandi íþróttafélags en það dugar skammt fyrir barnmargar fjölskyldur, einkum ef börnin hafa áhuga á fleiri en einni íþróttagrein. Miðflokkurinn ætlar að hækka frístundastyrkinn verulega með hverju barni strax í upphafi kjörtímabils svo börn geti iðkað fleiri en eina íþróttagrein. Komið verður á sérstökum styrkveitingum til foreldra í erfiðleikum svo börn þeirra geti stundað íþróttir og tekið þátt í skóla- og íþróttaferðum. Markvisst verður farið í uppbyggingarvinnu og forvarnarstarf með íþróttafélögum.

Íþróttafélög um allt land hafa með aðstoð sveitarfélaga, fyrirtækja og sjálfboðaliða kappkostað að byggja keppnisvelli og íþróttahús en samt þarf átak í þessum málum svo þessi félög geti boðið iðkendum sínum upp á þátttöku í fleiri íþróttagreinum. Starfsemi KR í Vesturbænum er dæmi um virkilega góða og markvissa starfsemi. Miðflokkurinn mun styðja að Reykjavíkurborg standi við loforð sín um betri aðstöðu á KR svæðinu og fjölga spark-, handbolta- og körfuboltavöllum í hverfinu.

Því miður hafa margir stjórnmálamenn ekki enn áttað sig nægilega á mikilvægi íþrótta- og æskulýðsstarfs sem forvarna í þágu lýðheilsu. Miðflokkurinn ætlar að leggja aukinn kraft og fjármuni í forvarnir í samstarfi við íþróttahreyfinguna og önnur frjáls félagasamtök og vill eiga samvinnu við sveitarfélög um allt land, skóla og foreldra til að auðvelda foreldrum þátttöku barna sinna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi. Ferðakostnaður innanlands dregur allt of mikið úr íþróttaiðkun barna og unglinga sérstaklega á landsbyggðinni. Við því þurfa stjórnvöld að bregðast með því að auka framlag sitt til Ferðasjóðs íþróttafélaganna.

Miðflokkurinn vonar að aðrir stjórnmálaflokkar styðji það mikilvæga forvarna- og lýðheilsustarf sem íþróttir eru til að bæta heilsu barna okkar og unglinga, þeim og foreldrum þeirra til mikillar ánægju og lífsgleði. Hvað finnst þér lesandi góður?

Jón Hjaltalín Magnússon, verkfræðingur og frambjóðandi Miðflokksins í Reykjavík.
Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, markþjálfi og frambjóðandi Miðflokksins í Reykjavík.

Ertu að taka til í ...

... garðinum

... geymslunni

Komdu spilliefnunum og raftækjunum á söfnunarstöðina næst þér ...

... í bílskúrnum

... á vinnustaðnum

... við sjáum um framhaldið!

Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Gufunesi · 112 Reykjavík · Sími 559 2200 · efnamottakan.is

Flugvirkjun

Innritun stendur yfir

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

Þórey sýnir myndríkan textíl í Gallerí Vest

Nú stendur yfir í Gallerí Vest við Hagamel sýning á verkum Þóreyjar Eyþórsdóttur. Á sýningunni eru einkum síðari tíma verk hennar en hún vinnur jöfnum höndum í vefnaði og textíl auk þess sem málverki hefur oft brugðið fyrir í verkum hennar einkum vatnslitamyndum. Að þessu sinni eru textílverkin í fyrirrúmi.

Þórey sækir gjarnan fyrirmyndir í náttúruna en lætur hugaraflið reika. Sterk tengsl við landið og þjóðina einkenna nýleg verk hennar sem eldri eru en einnig næm tilfinning fyrir hinu bjarta í umhverfinu. Sömu þreifinga gætir í textilverkum. Hún sækir gjarnan efnivið í umhverfið – oft það nánast en leitar einnig yfir um lönd og höf og sóknar í hugaraflið gætir gjarnan í listsköpuninni. Þórey er talmeina- og sálfræðingur og hefur dvalið langtímum í Noregi bæði við nám og störf, við kennslu en einnig sem uppeldis- og sálfræðiráðgjafi auk þess að sinna listinni og halda listsýningar. Sýning sem Þórey hélt í Héraðsbókasafninu í Hof í Vestfold þar sem hún bjó um tíma vakti athygli. Blaðamaður er fjallaði um sýninguna hóf pistil sinn með nokkuð óvenjulegum hætti. Hann fjallaði um sveiflu hennar á milli kennslu og kennsluráðgjafar og listsköpunar með þessum orðum. „Litríkur myndvefnaður fullur táknum prýðir nú veggi í hinu nýja almenningsbókasafni í Hof. Og listamaðurinn að baki þeirra er kennsluráðgjafinn í bæjarfélaginu Þórey Eyþórsdóttir.“ Á þeirri sýningu og öðrum, sem hún hélt í Noregi og einnig í Jónshúsi í Kaupmannahöfn, Ráðhúsi Reykjavíkur og Deiglunni sýningarsal á Akureyri komu tengslin við landið, landmótunina og fósturjörðina fram með meðvituðum og markvissum hætti og listamaðurinn valdi sterka liti til þess að draga fram þau öfl sem þar eru að verki og varpa þeim á myndflötinn. Þórey heldur enn því striki sem hún dró í upphafi myndlistarferlis síns. Tengslunum við umhverfið og tilfinningarnar. Hvort sem hún beitir vatnslitum, vefar eða vinnur textíl líkt og þau verk sem hún sýnir nú í Gallerí Vest.

Myndin tekin á sýningu Þóreyjar. Til vinstri er Elísabet María Eyþórsdóttir frænka Þóreyjar og til hægri Kristján Baldursson eiginmaður hennar og galleríhaldari í Gallerí Vest.

Opið er fram að páskum frá kl. 14-17 nema á mánudögum.

101
REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA
www.101.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 10-17
alla virka daga
Verið velkomin
Bergsteinar
legsteinagerð
Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir
Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÍTR
Sími: 411 5000 | www.itr.is

KR semur við Watson

KR hefur gengið frá samningi við norðurírska varnarmanninn Albert Watson. Watson, sem er 32 ára, hefur undanfarin ár leikið með FC Edmonton í Kanada, þar sem hann hefur verið fyrirliði liðsins.

Albert hóf feril sinn hjá Ballemena United lék þar um árabil, þaðan fór hann til sigursælasta liðs Norður Írlands, Linfield. Hjá Edmonton spilaði hann 128 leiki og skoraði í þeim 5 mörk. Hann mun væntanlega leika sinn fyrsta leik með KR gegn Keflavík 24. mars á gervigrasi KR kl.15:00.

Rúnar Kristinsson, þjálfari KR og Albert Watson. Ljósmynd/KR.

Borðtennis öldunga

Þrír titlar til KR

KR-ingar unnu þrjá Íslandsmeistaratitla á Íslandsmóti öldunga 40 ára og eldri, sem haldið var í Íþróttahúsi Hagaskóla laugardaginn 17. mars. Mótið var í fyrsta skipti í umsjón Borðtennisdeildar KR og gekk framkvæmdin vel.

Ásta Urbancic vann keppni í einliðaleik kvenna 40-69 ára, Ásta og Elísabet Ólafsdóttir sigruðu í tvíliðaleik kvenna 50-59 ára og Ásta og Hannes Guðrúnarson urðu meistarar í tvenndarleik 40 ára og eldri. Þá fengu KR-ingar tæpan helming allra verðlauna á mótinu.

Hressir, sigursælir og síungir borðtennisöldungar.

KR-Podcast er kominn í loftið

KR-Podcast þátturinn er kominn í loftið og verður KR-Podcast aðgengilegt á efnisveitum eins og Apple Podcast þar sem hægt verður að fá skilaboð þegar nýr þáttur fer í loftið.

Í fyrsta þættinum var rætt við Brynjar Þór Björnsson, fyrirliða KR í körfunni, um sigurleikinn gegn Njarðvík, meiðslin sem hann varð fyrir og sætustu sigranna. Svo er skipt yfir í fótboltann og meðal annars sett upp draumalið KR. Það eru Ingvar Örn Ákason, Hjörvar Ólafsson og Hilmar Þór Norðfjörð sjá um þáttagerðina sem verður vikulega á dagskrá – eða eftir þörfum.

KR-SÍÐAN

Ertu að leita að töff fermingargjöf?

Ferðaskrifstofan Mundo býður upp á sumarbúðir í tveimur þorpum á Spáni 2018.
Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is eða 6914646

HAMBORGARA Búllan
Geirsgata 1 • Sími 511 1888
Gómsæti í göngufæri

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is
Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud. og miðvikud. 13:00-14:30
Fimmtudaga 13:00-14:30 og 17:00-19:30
Föstudaga 13:00-14:30
Laugardaga og sunnudaga 13:00-17:00
Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

FYRIRTAK
málningarþjónusta
TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA
www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997
LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI
LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

1X2
GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Hljómflutningstæki
vinsæl fermingargjöf 1985

Framtíðarreikningur

– í fullu gildi í framtíðinni

Með því að leggja fermingarpeningana inn á Framtíðarreikning auðveldar þú þér að láta framtíðardraumana rætast. Fermingargjafir eldast misvel og með því að spara tryggir þú að gjöfin þín nýtist í framtíðinni.

Framtíðarreikningur Arion banka ber alltaf hæstu vexti verðtryggðra sparnaðarreikninga okkar og er bundinn til 18 ára aldurs.

Ef 30.000 kr. eru lagðar inn á Framtíðarreikning leggjum við 6.000 kr. á móti.

Arion banki
– fyrir framtíðina